

Upplýsingar um kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs – 2019

Markmið

Markmið verðlauna Norðurlandaráðs er að auka áhuga á norrænu menningarsamfélagi og samstarfi um umhverfismál, svo og að vekja athygli á verkefnum sem skarað hafa fram úr á sviði lista eða umhverfismála. Verðlaunin eiga að stuðla að því að beina athygli að samstarfi Norðurlanda og marka því stöðu.

Verðlaunamyndin

Tilkynnt verður um verðlaunamyndina í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Stokkhólmi 29. október. Verðlaunin verða veitt mynd sem hefur mikið menningarlegt gildi, er framleidd á Norðurlöndum, er í fullri lengd og gerð til sýningar í kvikmyndahúsum. Myndin verður að hafa verið frumsýnd í kvikmyndahúsum á tímabilinu 1. júlí 2018 til 30. júní 2019. Verðlaunaupphæðin nemur 350 þúsund dönskum krónum og skiptist jafnt milli handritshöfundar, leikstjóra og framleiðanda. Það undirstrikar að kvikmyndagerð sem listgrein er fyrst og fremst afurð náins samspils þessara þriggja þátta.

Skilyrði fyrir tilnefningu

Til að hljóta tilnefningu verða myndir að eiga rætur í norrænni menningu að verulegu leyti. Þær verða að hafa mikið listrænt gildi, skara fram úr hvað varðar listrænan frumleika og samtvinnu og efla hina margvíslegu þætti formsins svo úr verði sannfærandi og heilsteypt verk.

Dómnefndir í löndunum og norræn dómnefnd

Dómnefndirnar í löndunum eru skipaðar þremur fulltrúum sem útnefndir eru af Norrænu ráðherranefndinni (menningarmálaráðherrunum). Dómnefndarfulltrúar eru valdir úr hópi virtra einstaklinga sem hafa faglega reynslu af kvikmyndagreiningu og -rýni. Dómnefndirnar í löndunum eru skipaðar til þriggja ára.

Meðlimir dómnefndanna í löndunum árið 2019 eru:

Danmörk:

Per Juul Carlsen, Jacob Wendt Jensen, Eva Novrup Redvall

Finnland:

Jaana Puskala, Harri Römpötti, Mikaela Westerlund

Ísland:

Hilmar Oddsson, Börkur Gunnarsson, Helga Pórey Jónsdóttir

Noregur:

Inger Merete Hobbestad, Kalle Løchen, Britt Sørensen

Svíþjóð:

Kristina Börjeson, Emma Gray Munthe, Gunnar Bergdahl (sat hjá í ár sökum hagsmunárekstra)

Norræna dómnefndin er skipuð formönnum landsdómnefndanna.

Fyrri handhafar kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs voru veitt í fyrsta sinn árið 2002. Finnsla myndin *Mies vailla menneisyyttä* (*Maður án fortíðar*) eftir Aki Kaurismäki hlaut verðlaunin það ár.

Árið 2005 var ákveðið að veita kvikmyndaverðlaunin árlega. Verðlaunahafar næstu ára voru:

2005: *Drabet (Morðið)*. Leikstjórn: Per Fly. Handritshöfundar: Kim Leona, Dorte Høgh, Mogens Rukov og Per Fly. Framleiðandi: Ib Tardini fyrir Zentropa, Danmörku.

2006: *Zozo*. Leikstjórn og handrit: Josef Fares. Framleiðandi: Anna Anthony fyrir Memfis Film, Svíþjóð.

2007: *Kunsten at græde i kor (Listin að gráta í kór)*. Leikstjórn: Peter Schønau Fog. Bo hr. Hansen skrifaði handritið, sem byggt er á skáldsögu eftir Erling Jepsen. Framleiðandi: Thomas Stenderup fyrir Final Cut, Danmörku.

2008: *Du levande (Pið sem lifið)*. Leikstjórn og handrit: Roy Andersson. Framleiðandi: Pernilla Sandström fyrir Studio 24, Svíþjóð.

2009: *Antichrist (Andkristur)*. Leikstjórn og handrit: Lars von Trier. Framleiðandi: Meta Louise Foldager fyrir Zentropa, Danmörku.

2010: *Submarino*. Leikstjórn: Thomas Vinterberg. Handrit: Thomas Vinterberg og Tobias Lindholm. Framleiðandi: Morten Kaufmann fyrir Nimbus Film, Danmörku.

2011: *Svinalängorna (Svínastían)*. Leikstjórn: Pernilla August. Handrit: Pernilla August og Lolita Ray. Framleiðendur: Helena Danielsson og Ralf Karlsson fyrir Hepp Film, Svíþjóð.

2012: *Play*. Leikstjórn og handrit: Ruben Östlund. Framleiðandi: Erik Hemmendorff fyrir Plattform Produktion, Svíþjóð.

2013: *Jagten (Veðin)*. Leikstjórn: Thomas Vinterberg. Leikstjórn og handrit: Thomas Vinterberg og Tobias Lindholm. Framleiðendur: Sisse Graum Jørgensen og Morten Kaufmann fyrir Zentropa, Danmörku.

2014: *Hross í oss*. Leikstjórn og handrit: Benedikt Erlingsson. Framleiðandi: Friðrik Þór Friðriksson fyrir Hrossabrest, Íslandi.

2015: *Fúsi*. Leikstjórn og handrit: Dagur Kári. Framleiðendur: Baltasar Kormákur og Agnes Johansen fyrir RVK Studios.

2016: *Louder Than Bombs (Hærra en sprengjuregn)*. Leikstjórn: Joachim Trier. Handrit: Joachim Trier og Eskil Vogt. Framleiðandi: Thomas Robsahm fyrir Motlys, Noregi.

2017: *Tyttö nimeltä Varpu (Little Wing)*. Handrit og leikstjórn: Selma Vilhunen. Framleiðendur: Kaarle Aho og Kai Nordberg fyrir Making Movies, Finnlandi.

2018: *Kona fer í stríð*. Leikstjórn: Benedikt Erlingsson. Handrit: Benedikt Erlingsson og Ólafur Egill Egilsson. Framleiðendur: Benedikt Erlingsson fyrir Gulldrenginn, Marianne Slot og Carine Leblanc fyrir Slot Machine, Íslandi.

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2019 – TILNEFNINGAR

DANMÖRK

DRONNINGEN

ÁGRIP

Anne er snjall og metnaðarfullur lögfræðingur sem hefur sérhæft sig í málefnum barna og ungmenna. Hún virðist lifa hinu fullkomna lífi með eiginmanni sínum, læknum Peter, og tvíburadætrum þeirra. Anne á einnig stjúpson á unglingsaldri, Gustav, sem hefur ekki haft mikið saman að sælda við fjölskyldu föður síns. Þegar Gustav flytur inn til Anne og Peters setur stigvaxandi losti stjúpmóðurinnar af stað atburðarás sem getur ógnað allri tilveru hennar ef upp kemst.

Dronningen er ítarleg lýsing á hörmulegu fjölskylduleyndarmáli og afleiðingum ofdræms, losta og lyga sem leggjast á eitt til að leiða aðalpersónuna í óhugsandi ógöngur.

HANDRITSHÖFUNDUR / LEIKSTJÓRI: MAY EL-TOUKHY

May el-Toukhy (1977) fæddist í Kaupmannahöfn. Móðir hennar er dönsk og faðirinn frá Egyptalandi. Hún lauk námi frá Sviðslistaskóla Danmerkur árið 2002 og leikstjórnarnámi frá Kvikmyndaskóla Danmerkur 2009.

Fyrsta mynd hennar í fullri lengd, *Lang historie kort* (2015), kom henni á kortið í heimalandinu og hlaut verðlaun fyrir bestu leikkonu í aðalhlutverki (Mille Lehfeldt) og besta handrit (el-Toukhy, Maren Louise Käehne) á dönsku Bodil-hátíðinni, sem er hátíð kvikmyndagagnrýnenda. Myndin hlaut einnig dönsku Robert-verðlaunin fyrir bestu leikkonu í aukahlutverki (Trine Dyrholm).

Önnur kvikmynd el-Toukhy í fullri lengd, *Dronningen*, var einnig gerð í samstarfi við handritshöfundinn Maren Louise Käehne og framleiðandann Caroline Blanco, sem hún kynntist í kvikmyndanáminu. Myndin var heimsfrumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni 2019 og hlaut þar áhorfendaverðlaun í flokknum World Cinema Dramatic Competition.

Einnig hlaut hún verðlaun sem besta norræna myndin, fyrir bestu leikkonu í aðalhlutverki og áhorfendaverðlaun á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg og verðlaun fyrir bestu leikstjórn á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Transilvaníu.

Auk kvikmynda í fullri lengd hefur el-Toukhy leikstýrt leikritum í útvarpi og á sviði og þáttum í hinum verðlaunuðu dönsku sjónvarpsþáttaröðum *Erfingjunum* (*Arven*) og *Vegum drottins* (*Herrens veje*).

HANDRITSHÖFUNDUR: MAREN LOUISE KÄEHNE

Maren Louise Käehne (1976) útskrifaðist sem handritshöfundur frá Kvikmyndaskóla Danmerkur árið 2009. Að því loknu nam hún handritaskrif við Columbia-háskóla í New York.

Hún hefur skrifað handrit að myndum May el-Toukhy, *Lang historie kort* og *Dronningen*, leikstjórnarfrumraun Ali Abbasi *Shelley* og þáttum í hinum vinsælu dönsku þáttaröðum *Borginni*

(Borgen) og Brúnni (Broen).

FRAMLEIÐANDI: CAROLINE BLANCO

Caroline Blanco (1980) útskrifaðist sem kvikmyndaframleiðandi frá Kvikmyndaskóla Danmerkur árið 2009. Hún framleiddi verðlaunamyndir May el-Toukhy, *Lang historie kort* og *Dronningen*, auk unglingamyndanna *Dannys dommedag* eftir Martin Barnewitz og *Anti* eftir Morten BH.

FRAMLEIÐANDI: RENÉ EZRA

René Ezra (1971) starfar hjá framleiðslufyrirtækinu Nordisk Film í Danmörku. Hann útskrifaðist sem kvikmyndaframleiðandi frá Kvikmyndaskóla Danmerkur árið 2003. Hann hefur framleitt mikinn fjölda mynda, svo sem stuttmyndina *Helmer & søn* (2006) sem hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna, verðlaunamyndir Michaels Noer *R* (sem Noer leikstýrði ásamt Tobiasi Lindholm), *Nordvest*, *Nøgle hus spejl* og *Før frosten*, *Kapringen* eftir Tobias Lindholm og myndina *Krigen*, sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna. Hann hefur einnig komið að hinni vinsælu kvikmyndaröð *The Reunion* 1, 2 og 3 og teiknimyndinni *Olsen-banden på dybt vand*.

Dronningen er fyrsta myndin sem hann vinnur í samstarfi við May el-Toukhy.

Ezra var valinn „Producer on the Move“ á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2006.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Dronningen</i>
Titill á ensku	<i>Queen of Hearts</i>
Leikstjórn	May el-Toukhy
Handrit	Maren Louise Käehne, May el-Toukhy
Framleiðendur	Caroline Blanco, René Ezra
Aðalhlutverk	Trine Dyrholm, Magnus Krepper, Gustav Lindh
Framleiðslufyrirtæki	Nordisk Film Production
Lengd	127 mínútur
Dreifing innanlands	Sena í gegnum Nordisk Film Distribution
Alþjóðleg dreifing	TrustNordisk

FINNLAND

AURORA

ÁGRIP

Kvöld eitt við pylsuvagn í finnska Lapplandi kynnist hin partýglaða og skuldbindingafælna Aurora írönskum manni að nafni Darian. Darian þarf að giftast finnskri konu svo að hann og dóttir hans fái hæli í landinu. Aurora hyggur á flutninga til Noregs, burt frá ömurlegri tilveru sinni, og hafnar því umleitunum Darians. Þegar hún hefur hitt hina indælu dóttur hans fellst hún þó á að hjálpa feðginunum. Aurora kynnir Darian fyrir hverri konunni á fætur annarri en verður um leið æ nánari honum. Þegar hin fullkomna verðandi eiginkona kemur til skjalanna standa Darian og Aurora frammi fyrir tveimur afarkostum: að láta sem þau séu hamingjusöm eða hætta loksins að flýja.

HANDRITSHÖFUNDUR / LEIKSTJÓRI: MIIA TERVO

Miia Tervo (1980) er handritshöfundur og leikstjóri frá finnska Lapplandi. Stuttmyndir hennar hafa verið sýndar víða um heim og hlotið fjölda viðurkenninga. *Lumikko* (*The Little Snow Animal*) hlaut tilnefningu á Evrópsku kvikmyndaverðlauninum 2010 og verðlaun sem besta mynd nemanda á hátíðinni í Palm Springs, *Santra ja puhuvat puut* (*Santra and the Talking Trees*) hlaut heiðursviðurkenningu á Nordisk Panorama á IDFA og *Pieniä kömpelöitä hellyydenosoituksia* (*Clumsy Little Acts of Tenderness*) hlaut verðlaun fyrir besta handrit á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Heart of Gold í Ástralíu og áhorfendaverðlaun á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Vevey 2015.

Aurora er fyrsta mynd hennar í fullri lengd. Hún var opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Gautaborg 2019 og sýnd á fjölda annarra hátíða, svo sem South by Southwest í Austin, Oslo Pix í Ósló og á kvikmyndahátíðinni í Edinborg. *Aurora* var tilnefnd til verðlaunanna Eurimages Audentia.

Fyrsta mynd Tervo í fullri lengd, *Aurora*, hefur verið sýnd á fjölda alþjóðlegra kvikmyndahátíða.

FRAMLEIÐANDI: MAX MALKA

Max Malka (1986) starfar sem framleiðandi hjá Dionysos Film í Helsinki.

Hún lauk meistaragráðu í framleiðslu kvikmynda frá Aalto-háskóla í Finnlandi. Hún kynntist leikstjóranum Miia Tervo í kvikmyndanáminu og vann með henni að stuttmyndinni *Lumikko* (*Little Snow Animal*) (2009).

Malka framleiddi meðal annars finnsku barnamyndina *Tatu & Patu*, sem var þriðja söluhæsta mynd Finnlands árið 2016, og vefpáttaröðina *Nörtti: Dragonslayer666* (*Nerd: Dragonslayer666*). Þáttaröðin náði gífurlegum vinsældum meðal ungs fólks árið 2017 og hlaut finnsku sjónvarpsverðlaunin í flokki sjónvarpsþáttaða fyrir börn og ungmenntu.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Aurora</i>
Titill á ensku	<i>Aurora</i>
Leikstjórn	Miia Tervo
Handrit	Miia Tervo
Aðalhlutverk	Mimosa Willamo, Amir Escandari
Framleiðandi	Max Malka
Framleiðslufyrirtæki	Dionysos Films
Lengd	106 mínútur
Dreifing innanlands	Nordisk Film
Alþjóðleg dreifing	Level K

ÍSLAND

HVÍTUR, HVÍTUR DAGUR

ÁGRIP

Sögusviðið er bær austur á fjörðum. Lögreglustjóra í leyfi frá störfum fer að gruna að eiginkona hans, sem lést í hræðilegu slysi tveimur árum áður, hafi átt í ástarsambandi við annan mann í

bænum. Práhyggja lögreglustjórans fyrir að komast að hinu sanna stigmagnast smám saman og að lokum er óumflýjanlegt að honum og hans nánustu verði stofnað í hættu. Þetta er saga af sorg, hefnd og skilyrðislausri ást.

HANDRITSHÖFUNDUR / LEIKSTJÓRI: HLYNUR PÁLMASSON

Hlynur Pálmason (f. 1984) er myndlistarmaður og kvikmyndagerðarmaður. Eftir að hafa lagt stund á myndlist ákvað Hlynur að snúa sér að kvikmyndagerð og hefja nám við Kvikmyndaskóla Danmerkur. Útskriftarmynd hans, stuttmyndin *En maler* (2013), vann til verðlauna sem besta stuttmyndin á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Óðinsvéum og var tilnefnd til hinna dönsku Robert-verðlauna. Stuttmynd hans *Seven Boats* (2014) var frumsýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto.

Fyrsta mynd Hlyns í fullri lengd, *Vetrarbræður* (*Vinterbrødre*) (2017), átti mikilli velgengni að fagna og hlaut yfir 30 alþjóðleg verðlaun, svo sem fyrir bestu leikstjórn á kvikmyndahátíðinni í Þessalóníku, verðlaun sem besta mynd og fyrir besta leikara í aðalhlutverki (Elliott Crosset Hove) á kvikmyndahátíðinni í Vilnius og fyrir bestu kvikmyndatöku á evrópsku kvikmyndahátíðinni í Seville. Myndin hlaut níu dönsk Robert-verðlaun, meðal annars sem besta myndin. Hún var tilnefnd til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2018.

Önnur mynd Hlyns í fullri lengd, *Hvítur, hvítur dagur*, var heimsfrumsýnd á gagnrýnendaviku í Cannes þar sem Ingvar E. Sigurðsson hlaut Rising Star-verðlaunin, sem veitt eru af Louis Roederer Foundation.

FRAMLEIÐANDI: ANTON MÁNI SVANSSON

Anton Máni Svansson (1984) er meðeigandi í reykvíska framleiðslufyrirtækinu Join Motion Pictures ásamt Guðmundi Arnari Guðmundssyni, handritshöfundi, leikstjóra og framleiðanda. Anton Máni nam sálfræði og handritaskrif við Háskóla Íslands. Síðan hann stofnaði Join Motion Pictures árið 2007 hefur hann lagt áherslu á árangursríkt samstarf við hæfileikaríka handritshöfunda og leikstjóra, svo sem Guðmund Arnar Guðmundsson og Hlyn Pálmason.

Fyrsta mynd Guðmundar Arnars í fullri lengd, *Hjartasteinn*, hlaut yfir 30 alþjóðleg verðlaun, svo sem áhorfendaverðlaun Politiken á CPH PIX og Edduverðlaunin fyrir bestu leikstjórn. *Hjartasteinn* var tilnefnd til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2017.

Anton Máni var meðframleiðandi *Seven Boats*, stuttmyndar Hlyns Pálmasonar, og *Vetrarbræðra*, fyrstu myndar Hlyns í fullri lengd, sem hlaut mikið lof og var tilnefnd til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2018. Hann framleiddi einnig *Hvítan, hvítan dag* eftir Hlyn Pálmason, sem var valin til sýningar á gagnrýnendaviku í Cannes árið 2019.

Árið 2017 hlaut Anton Máni Lorens-verðlaunin (ásamt öðrum) sem besti framleiðandi fyrir kvikmyndina *Hjartastein*. Sama ár var Anton Máni valinn „Producer on the Move“ á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Hvítur, hvítur dagur</i>
Titill á ensku	<i>A White, White Day</i>
Leikstjórn	Hlynur Pálmason
Handrit	Hlynur Pálmason
Framleiðandi	Anton Máni Svansson
Aðalhlutverk	Ingvar E. Sigurðsson, Ída Mekkín Hlynisdóttir, Hilmir Snær Guðnason

Framleiðslufyrirtæki	Join Motion Pictures
Lengd	109 mínútur
Dreifing innanlands	Sena
Alþjóðleg dreifing	New Europe Film Sales

NOREGUR

BLINDSONE

ÁGRIP

Blindsone er átakanleg saga af móður sem reynir sitt besta til að skilja geðsjúkdóm dóttur sinnar. Myndin er einstaklega næm athugun á þeim gráu svæðum – eða blindu blettum – sem geta torvelað skilning foreldra eða samfélagsins á geðrænum vandamálum, en einnig er varpað ljósi á þann vanda sem skapast þegar samfélag nútímans telur það eitt eftirsóknarvert sem tengist hamingju og velgengni fólks. Hvernig opnum við á erfiðar hugsanir og vandamál þegar ekki er ætlast til að við sýnum umheiminum neitt annað en ímynd fullkomnunar?

HANDRITSHÖFUNDUR / LEIKSTJÓRI: TUVA NOVOTNY

Tuva Novotny (1979) hóf leikferil sinn 16 ára gömul. Hún hefur leikið í fjölda mynda og þáttaraða, svo sem myndunum *Krigen* eftir Tobias Lindholm, sem hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna, *Annihilation* eftir Alex Garland og *Borg vs. McEnroe* eftir Janus Metz, og sjónvarpsþáttaröðum á borð við *Crimes of Passion*, *Dag* og *Nobel*.

Hún þreytti frumraun sína í leikstjórn árið 2010 með þáttaröðinni *Dag* fyrir norsku stöðina TV2, auk nokkurra þátta af Netflix-þáttaröðinni *Lilyhammer* og handritaskrifa fyrir þáttaröðina *Rot* í norska ríkissjónvarpinu, NRK.

Blindsone er fyrsta myndin í fullri lengd sem hún skrifar og leikstýrir. Myndin er tekin upp í einni samfelldri töku í rauntíma og hefur hlotið ýmis verðlaun á alþjóðlegum hátíðum, svo sem Silver Shell-verðlaun fyrir bestu leikkonu í aðalhlutverki (Pia Tjelta) á hátíðinni í San Sebastián, FIPRESCI-verðlaun í Gautaborg, New Talent Grand PIX á CPH PIX í Kaupmannahöfn og verðlaun sem besta myndin á kvikmyndahátíðinni í Bratislava. Myndin vann einnig til verðlauna sem besta myndin og fyrir bestu leikkonu í aðalhlutverki á verðlaunahátíð norskra kvikmyndagagnrýnenda.

Novotny leikstýrði einnig sænsku myndinni *Britt-Marie var här*, sem byggð er á metsölubók eftir Fredrik Backman.

FRAMLEIÐANDI: ELISABETH KVITHYLL

Elisabeth Kvithyll (1985) starfar hjá Nordisk Film Production í Noregi.

Síðan hún lauk námi við Norska kvikmyndaskólann árið 2012 hefur hún framleitt verðlaunastuttmyndirnar *Á vakte fjellet* eftir Izer Aliu (tilnefnd til Óskarsverðlauna nemenda 2013, besta stuttmyndin á Amanda-verðlaununum 2012) og *Ja vi elsker* eftir Hallvar Witzø („Special Mention“ á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2014).

Fyrsta mynd hennar í fullri lengd, *Blindsone*, hefur átt velgengni að fagna bæði í heimalandinu og alþjóðlega síðan hún var frumsýnd í kvikmyndahúsum í ágúst 2018.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Blindsone</i>
Titill á ensku	<i>Blind Spot</i>
Leikstjórn	Tuva Novotny
Handrit	Tuva Novotny
Framleiðandi	Elisabeth Kvithyll
Aðalhlutverk	Pia Tjelta, Anders Baasmo Christiansen, Oddgeir Thune
Framleiðslufyrirtæki	Nordisk Film Production
Lengd	102 mínútur
Dreifing innanlands	Nordisk Film Distribution
Alþjóðleg dreifing	TrustNordisk

SVÍPJÓÐ

REKONSTRUKTION UTØYA

ÁGRIP

Sex árum eftir hryðjuverkaárásina í Útey þann 22. júlí 2011 koma Rakel, Mohammed, Jenny og Torje, sem öll lifðu árásina af, saman í Norður-Noregi til að rifja upp atburðina. Til fundar við þau koma tólf norsk ungmenni sem vilja hjálpa og skilja hvað gerðist. Sálfræðingur er til staðar gegnum allt verkefnið. Fundarstaðurinn er myndver þar sem minningar eftirlifenda af atburðunum í Útey eru rifjaðar upp og þeim raðað saman. Þau sem lifðu atburðina af segja frá sjálfra sín vegna, en einnig fyrir okkur hin. Fyrir nútímann og fyrir framtíðina. Í *Rekonstruktion Utøya* er fjallað um það ferli.

HANDRITSHÖFUNDUR / LEIKSTJÓRI: CARL JAVÉR

Carl Javér (1972) er handritshöfundur, leikstjóri og klippari og meðeigandi í fyrirtækinu Vilda Bomben Film í Gautaborg. Fyrsta heimildarmynd hans var sjónvarpsmyndin *Tel al-Zaatar – Vægen tillbaka* (1996), sem hann leikstýrði ásamt Anders Berggren. Myndin *Freak Out!* (2014) var sýnd á evrópsku menningarstöðinni ARTE. Hún var tilnefnd til Dragon-verðlauna í Gautaborg sem besta norræna heimildarmyndin og vann til tíu verðlauna.

Rekonstruktion Utøya var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Berlín 2019 í flokknum Generation 14plus og hlaut verðlaun fyrir bestu leikstjórn og sem besta heimildarmyndin á sænsku Guldbagge-verðlaununum.

Javér heldur reglulega fyrirlestra og veitir ráðgjöf um heimildamyndagerð í Svíþjóð, Noregi og Danmörku.

HANDRITSHÖFUNDUR / FRAMLEIÐANDI: FREDRIK LANGE

Fredrik Lange (1964) er handritshöfundur, framleiðandi og meðeigandi í fyrirtækinu Vilda Bomben Film í Gautaborg.

Hann hóf feril sinn í leikhúsi en sneri sér síðar að kvikmyndagerð. Lange lauk meistaragraðu í framleiðslu kvikmynda frá Valand-akademíunni við Gautaborgarháskóla árið 2010. Hann hefur framleitt á annan tug heimildamynda, svo sem *Freak Out!* eftir Carl Javér (2014) og *Rekonstruktion Utøya*, sem hann skrifaði handrit að ásamt Javér. Myndin var valin til sýninga á fjölda alþjóðlegra

hátíða og vann fjölmörg verðlaun, svo sem tvenn Guldbagge-verðlaun í Svíþjóð sem besta heimildarmyndin og fyrir bestu leikstjórn.

FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Rekonstruktion Utøya</i>
Titill á ensku	<i>Reconstructing Utøya</i>
Leikstjórn	Carl Javér
Handrit	Carl Javér, Fredrik Lange
Framleiðandi	Fredrik Lange
Framleiðslufyrirtæki	Vilda Bomben Film
Lengd	98 mínútur
Dreifing innanlands	TriArt
Alþjóðleg dreifing	Cinephil